



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Ársskýrsla

## Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

### 2019

© Rannsóknamiðstöð ferðamála

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri  
Sími: (+354) 460-8930  
Rafpóstur: [rmf@rmf.is](mailto:rmf@rmf.is)  
Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Ársskýrsla Rannsóknamiðstöðvar ferðamála 2019

Ritstjóri: Vera Vilhjálmsdóttir  
Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála  
Prentun: Ásprent ([www.asprent.is](http://www.asprent.is))

Forsíðumynd: Ferðamenn í nágrenni Kirkjufoss, Grundarfirði © Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

# Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	3
RMF 2019.....	5
Um RMF.....	6
RMF 20 ára – Hvað getum við gert fyrir ykkur? .....	8
Rannsóknaverkefni .....	10
Viðburðir og heimsóknir .....	16
Rannsóknasamstarf .....	19
Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF .....	21
Útgefið efni .....	23
Fyrirlestrar og erindi .....	25



## Ávarp stjórnarformanns

### Skjótt skipast veður

Af sjónarhóli stjórnarformanns RMF á vormánuðum 2020, þegar skýrslu síðasta árs er fylgt úr hlaði, virðast verkefni ársins 2019 tilheyra öðru tímabili í sögunni. Víst eru þau öll brýn. Hvert á sinn hátt stuðla þau að betri skilningi á þeirri mikilvægu atvinnugrein sem tengist ferðamennsku. Við þurfum að skilja hvað ræður vali gesta okkar í smáu og stóru, hvers vegna þeir koma yfirhöfuð til Íslands, hvað ræður því hvert þeir ferðast innanlands, hversu lengi þeir dvelja, hvar þeir gista og borða og hvaða afþreyingar þeir velja. Hvernig verja þeir peningunum sínum? Hvernig getum við mætt óskum þeirra, eða laðað þá til að njóta þess sem við höfum fram að færa? Það er til lítills að bjóða upp á eitthvað sem enginn vill þiggja. En það eru fleiri hliðar á málinu: hvernig nýtum við auðlindirnar okkar? Göngum við á þær, eða gætum við að þölmörkum þeirra? Þekkjum við þessi þölmörk? Ef við gætum ekki að okkur, brjótum við egginn sem gullgæsin verpir. Það er ekki bara náttúran, landið og gróðurinn sem þarf að fara vel með. Það þarf að gæta að þölmörkum fólksins líka. Heimamanna sem fá alla þessa gesti, boðna og óboðna, heim á hlað. Gestanna sjálfra, sem margir komu hingað í þeirri trú að þeir væru væru að heimsækja fámennt land, en vissu ekki að gestir margfalda íbúafjöldann. Og síðast en ekki síst: starfsfólksins, þeirra sem í raun taka á móti gestum okkar. Þau eru að miklum meirihluta erlendir ríkisborgarar. Án þeirra hefðum við ekki getað tekið á móti þessum stórauðna fjölda gesta á undanförunum áratug. Hver eru kjör og aðstæður þessa mikilvæga erlenda starfsfólks?



Guðrún Pétursdóttir

Viðfangsefni RMF árið 2019 lutu að öllum þessum þáttum, og einnig að samstarfi RMF við samtök og stofnanir innanlands og utan og þátttöku í fundum og ráðstefnum heima og erlendis. Slíkt samstarf er lífsnauðsynlegt. Það gefur kraftinn sem heldur blóðinu á hreyfingu.

Vorið 2019 voru 20 ár frá því að RMF tók til starfa. Því var fagnað með vinnufundi þangað sem boðið var meira en 50 fulltrúum helstu samtaka og aðila sem best þekkja ferðamál hér á landi, til að greina hvernig RMF getur best nýst næsta áratuginn.

Um þetta allt og meira til er fjallað í skýrslunni sem hér fer á eftir. Tuttugasta starfsár RMF var nokkuð fyrirsjáanlegt, fjölbreytt og farsælt og horfur fyrir 2020 bjartar, þótt nokkurs samdráttar gætti í komu ferðamanna, ekki síst eftir gjaldþrot flugfélagsins WoW air. Í árslok 2019 óraði engan fyrir því að eftir fáeinar vikur sætti þorri heimsbyggðarinnar nánast útgöngubanni af völdum farsóttar, með ómældum afleiðingum fyrir alla þætti þjóðlífs og hagkerfa. Aðeins brýnustu flutningar milli landa eru leyfðir og ferðalög fólks bönnuð nema þeim sem reyna að komast heim til sín. Víðast sæta heimamenn tveggja vikna sóttkví við komu til lands og ekki séð fyrir hvaða takmörkunum verður beitt á komur ferðamanna í löndum þar sem stjórnvöld taka alvarlega hættuna á að sóttin kvikni á ný. Þessi veira verður ekki sigruð með neinu nema vitinu. Þegar þetta er skrifað eru líkur á að út árið 2020 muni tilmæli um tveggja metra fjalrægð milli manna vera í gildi. Áhrif þess á ferðamáta fólks verða mikil – og áreiðanlegt að áhugi fólks á að ferðast yfirleitt er skertur. Fjöldi fyrirtækja er að þrotum kominn nú þegar, og tugþúsundir hafa misst lífsviðurværi sitt. Afleiðingarnar fyrir greinina og þjóðarhag eru ómældar.

Hvað gerum við þá? Getum við snúið þessari stöðu okkur í hag? Á undanförunum árum hefur fjölgun ferðamanna hingað til lands verið svo gífurlega ör, að við höfum engan veginn haft undan við að byggja nauðsynlega innviði til að taka á móti nema broti af þessum fjölda svo vel sé. “Stöðviði heiminn, ég þarf að laga gangverkið!” mætti kannski umorða gamla klisju. Nú er tækifærið – notum tímann rétt og búum okkur undir að taka á móti gestum okkar þannig að bæði þeir, við og landið okkar njótum góðs af. Ósjálfbær vöxtur sem undirstöðurnar standa ekki undir hrynur óhjákvæmilega. Notum tímann til að styrkja stoðirnar og stýrum svo vextinum af viti.

Ég þakka forstöðukonu RMF, starfsfólki okkar öllu og samstarfsaðilum heima og erlendis fyrir þeirra góða og mikilvæga starf.

Dr. Guðrún Pétursdóttir

Stjórnarmaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

## RMF í starfi og leik



*Kökur og kampavín - RMF bauð til innflutningspartýs í Nýja Garði í janúar en starfsstöð RMF í Reykjavík fluttist þar yfir úr Öskju í desember 2018.*



*Starfsfólk RMF fjölmennti á ráðstefnunna um íslenskt þjóðfélag sen haldin var á Hólum í maí, fluttu erindi um sínar rannsóknir og áttu góðar stundir saman í vorblíðunni*

## RMF 2019

Árið 2019 voru tuttugu ár liðin frá því að Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri og Páll Skúlason rektor Háskóla Íslands undirrituðu samstarfssamning háskólanna um Ferðamálaasetur Íslands. Markmiðið var að efla rannsóknir og menntun á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu í greinum tengdum ferðamáli. Skömmu áður hafði hafist kennsla í ferðamálafræði á háskólastigi. Hólaskóli, nú Háskólinn á Hólum, reið á vaðið 1996 en Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands komu í kjölfarið næstu tvö árin. Liðlega 260 þúsund erlendir ferðamenn sóttu landið heim árið 1999 og hafði þeim fjölgað um 13% frá fyrra ári. Rektor HA lagði áherslu á það við undirritun samningsins að ferðaþjónusta væri einn mesti vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs. Tveimur áratugum síðar var orðið deginum ljósara að hann var sannspár því árið 2019 komu rétt yfir tvær milljónir ferðamanna til landsins. Ferðaþjónustan þá löngu orðin stærsta útflutningsgrein landsins.



Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Menn hugsuðu stórt fyrir tuttugu árum og höfðu trú á mikilvægi rannsókna við uppbyggingu þessarar nýju atvinnugreinar á Íslandi. Undirritun samningsins átti sér stað á málþingi um skipulag ferðamannastaða sem Ferðamálaráð, nú Ferðamálastofa, stóð fyrir. Skipulag ferðamannastaða er viðfangsefni sem hefur verið mjög í brennidepli síðustu árin í takt við hinn mikla vöxt greinarinnar. Stuttu eftir stofnun Ferðamálaaseturs Íslands hélt Ferðamálaráð sína árlegu ráðstefnu. Þrjú viðfangsefni voru í brennidepli: Vöruþróun, rekstrarumhverfi og rannsóknir í ferðaþjónustu. Dr. Richard Butler, einn þekktasti fræðimaðurinn á sviði ferðamála, var annar aðalfyrirlesari ráðstefnunnar. Heitið á erindi hans var *Hvers vegna rannsóknir í ferðaþjónustu og hvernig á að nýta þær?* Nú tuttugu árum síðar erum við enn að glíma við þessa spurningu. Því miður hefur skilningur ferðamálayfirvalda á mikilvægi rannsókna ekki verið mikill og skort hefur vilja til þess að styðja vel við rannsóknastarf á sviði ferðamála. Mikilvægt er að stefnumótun og stýring stærstu útflutningsgreinar Íslands sé byggð á sem bestri þekkingu hverju sinni. Á síðast liðnum árum hafa þó verið stigin jákvæð skref við kerfisbundna gagnaöflun um ýmsa þætti ferðaþjónustunnar. Hins vegar er brýn þörf fyrir aukið fjármagn til þess að sinna frekari úrvinnslu gagna og efla grunnrannsóknir. Mikilvægi þess að fjárfesta í nýsköpun þekkingar verður aldrei ofmetið, ekki síst þegar um er að ræða unga atvinnugrein í miklum vexti.

Árið 2019 urðu nokkrar breytingar á starfsliði RMF en þær Dr. Auður H. Ingólfssdóttir og Helga Einarsdóttir hættu störfum á árinu og er þeim báðum þakkað kærlega fyrir vel unnin störf. Fulbright styrkþeginn Dr. Nathan Reigner bættist hins vegar í RMF hópin en hann sinnti rannsóknum sínum í samstarfi við RMF árið 2019. Valeriya Posmitnaya var ráðin í gagnasöfnun yfir sumartímann og mastersneminn Ellen Haddingh frá Wageningen University í Hollandi var á Akureyrarskrifstofu RMF í starfsnámi sínu. Starfsfólk RMF kom sem fyrr að fjölbreyttum rannsóknarverkefnum, miðlaði niðurstöðum sínum á innlendum sem erlendum ráðstefnum og fundum og tók þátt í samstarfi rannsakenda á ýmsum sviðum. Hápunktur ársins var 20 ára afmæli RMF sem haldið var upp á með vinnusmiðju þar sem rannsakendur og fulltrúar frá stoðkerfi ferðaþjónustunnar ræddu hlutverk RMF og skilgreindu brýnar rannsóknir á sviði ferðamála. Fundargestir voru sammála um að RMF hefði áfram mikilvægu hlutverki að gegna og brýn þörf væri á því fylgja stefnu stjórnvalda í ferðamáli eftir með fjölbreyttum rannsóknum.

Þessi ársskýrsla er skrifuð í miðju COVID-19 ástandi. Lönd heimsins eru meira og minna lokuð og óvissan er mikil. Öflugt nýsköpunar- og þróunarstarf mun gegna lykilhlutverki í endurreisn íslenskrar ferðaþjónustu. Vonandi ber greininni og stjórnvöldum gæfa til þess að blása byr í rannsóknarseglin á komandi árum og gera okkur þannig betur kleift að takast á við áskoranir ferðaþjónustu framtíðarinnar.

Guðrún Þóra Gunnarsdóttir

Forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

## Um RMF

RMF – Rannsóknamiðstöð ferðamála – er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamállum. RMF er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum á Hólum í samstarfi við Samtök ferðapjónustunnar og Ferðamálastofu.

Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi. Öflugar rannsóknir eru forsenda markvissrar stefnumótunar, áætlunargerðar og markaðssetningar í greininni. Markmið RMF er að skapa þekkingargrunn sem byggir undir og styður við ábyrga ferðapjónustu og ferðamennsku.

### Markmið RMF eru að:

- efla og bæta rannsóknir í ferðamállum á Íslandi
- stuðla að samvinnu háskólanna sem að miðstöðinni standa á sviði ferðamála
- efla samstarf og samtal við atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila
- stuðla að samstarfi innlendra og erlendra rannsækenda á sviði ferðamála
- gefa út skýrslur og miðla niðurstöðum rannsókna í ferðamálafræðum
- gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum í ferðamálafræðum

Aðalskrifstofa RMF er við Háskólann á Akureyri en frá árinu 2012 hefur RMF einnig haft skrifstofu við Háskóla Íslands. Aðalskrifstofan er til húsa á 7.hæð í Borgum, rannsóknahúsi Háskólans á Akureyri. Í Reykjavík er skrifstofa RMF á 2. hæð í Nýja Garði, húsi Háskóla Íslands.

## Starfsfólk

- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður 100%
- Auður H. Ingólfssdóttir, sérfræðingur 80% janúar - júlí
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, sérfræðingur 100%
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100%
- Helga Einarsdóttir, sérfræðingur, 50% janúar - júní
- Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingur 50%
- Vera Vilhjálmssdóttir, sérfræðingur 100%
- Þórný Barðadóttir, sérfræðingur 100%
- Valeriya Posmitnaya, sumarstarfsmaður



Starfsfólk RMF hittist á Hólum í maí til að taka þátt í 13. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið

- Nathan Reigner, Fulbright rannsækandi á vegum RMF og Háskólans á Akureyri janúar - september
- Ellen Haddingh, starfsnemi frá Wageningen University í Hollandi september - desember

## Stjórn

Í stjórn RMF sitja tveir fulltrúar Háskóla Íslands, tveir fulltrúar Háskólans á Akureyri, einn fulltrúi frá Háskólanum á Hólum, einn frá Ferðamálastofu og einn frá Samtökum ferðapjónustunnar.

Í árslok 2019 sátu í stjórn:

- Guðrún Pétursdóttir (Háskóli Íslands) formaður stjórnar
- Sigrún Stefánsdóttir (Háskólinn á Akureyri) varaformaður
- Jón Þorvaldur Heiðarsson (Háskólinn á Akureyri)
- Rannveig Ólafsdóttir (Háskóli Íslands)
- Laufey Haraldsdóttir (Háskólinn á Hólum)
- Vilborg Helga Júlíusdóttir (Samtök ferðapjónustunnar)
- Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)



## Fundir stjórnar

Í ársbyrjun urðu breytingar á stjórn RMF þegar Vilborg Helga Júlíusdóttir tók við stjórnarsetu af Bjarnheiði Hallsdóttur fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar.

Aðalfundur stjórnar RMF var haldinn 3. júní og var fundurinn haldinn sem fjarfundur milli Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands. Gestur á fundinum var Harpa Halldórsdóttir, forstöðumaður fjármála- og greiningar Háskólans á Akureyri. Harpa fór yfir ársreikning RMF, sem unninn er samkvæmt lögum um ársreikninga hins opinbera, og greindi frá umbótum við uppgjör RMF hjá HA. Utan hefðbundinna aðalfundastarfa kynnti starfsfólk RMF verkefni sín og starfsemina.

Á árinu starfaði sérstakur vinnuhópur skipaður af stjórn RMF í tengslum við endurskoðun samnings háskólanna þriggja um RMF. Í vinnuhópnum voru Guðrún Pétursdóttir fyrir hönd HÍ, Jón Þorvaldur Heiðarsson, f.h. HA, Laufey Haraldsdóttir, f.h. HH og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF. Hópurinn stóð fyrir vinnufundi í apríl í tengslum við 20 ára afmæli RMF og gerði tillögur að breytingum á samningi sem vísað var til rektora skólanna þriggja til frekari ákvarðanatöku.


## Fullbright rannsakandi hjá RMF



Árið 2019 var dr. Nathan Reigner Fulbright rannsakandi á vegum RMF og Háskólans á Akureyri.

Rannsóknir dr. Reigner hafa snúist um skipulag og stýringu á flæði ferðamanna í bandarískum þjóðgöðum. Í rannsóknardvöl sinni hér á landi tók hann einmitt þátt í mótun rannsóknarverkefna á sviði þjóðgarðsstýringar en einnig var hann ráðgjafi Eflu við hönnun og gerð hins svo kallaða jafnvægisáss ferðamála sem unnin var að beiðni Stjórnstöðvar ferðamála.

Fulbright rannsóknir Nathans voru fjármagnaðar af Utanríkisráðuneyti Íslands og norðurslóðarannsóknáætlun Bandarísku vísindastofnunarinnar (US National Science Foundation's Arctic research program).



Ferðamenn á Snæfellsnesi

## RMF 20 ára – Hvað getum við gert fyrir ykkur?

Árið 2019 markaði tímamót hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála. Miðstöðin fagnaði 20 ára starfsafmæli á árinu en fyrsti stofnsamningur RMF var undirritaður haustið 1999. Af því tilefni var efnt til vinnusmiðju í Kornhlöðunni hjá Lækjarbrekku þann 10. apríl undir fyrirsögninni *Hvað getum við gert fyrir ykkur?*



*Vegleg kaka í tilefni tímamótanna*

Á fundinum var m.a. rætt um þörfina fyrir rannsóknir á sviði ferðamála, hvert hlutverk RMF ætti að vera og hvernig miðstöðin gæti sem best komið að og sinnt samstarfi á þessu sviði. Guðrún Pétursdóttir, formaður stjórnar RMF, setti vinnusmiðjuna og síðan kynnti Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, forstöðumaður RMF, starfsemi miðstöðvarinnar.

Þar á eftir fluttu fulltrúar hins opinbera, atvinnugreinarinnar og háskólasamfélagsins stutt erindi. Gunnþóra Ólafsdóttir frá Ferðamálastofu ræddi áherslumáls hins opinbera, Vilborg Júlíusdóttir frá Samtökum ferðaþjónustunnar ræddi um nauðsyn samfelldra hliðarreikninga ferðaþjónustunnar og að lokum ræddi Gunnar Þór Jóhannesson frá Háskóla Íslands rannsóknir ferðamála.

Að erindum loknum hófst vinnusmiðjan en fundarstjórar voru Sigrún Stefánsdóttir, stjórnarmaður RMF og Þórný Barðadóttir og Auður H. Ingólfssdóttir, sérfræðingar RMF. Þátttakendum var raðað í sex vinnuhópa þar sem unnið var með tvö meginþemu:

- Mikilvægar rannsóknir í ferðamálum og hvaða þekkingu vantar?
- Hvert á hlutverk RMF að vera?

Það sköpuðust líflegar umræður í vinnuhópunum og þær niðurstöður sem safnað var saman munu koma að góðum notum við vinnu við mótun stefnu RMF til framtíðar. Þátttakendur vinnusmiðjunnar voru fulltrúar háskóla, atvinnugreinar, sjálfstætt starfandi rannsakenda, markaðsstofa og ýmissa opinberra stofnanna.



*Guðrún Þóra Gunnarsdóttir kynnr starfsemi RMF fyrir fundargestum*



*Fulltrúar hins opinbera, atvinnugreinarinnar og háskólasamfélagsins svara spurningum þátttakenda*

## RMF 20 ára – Myndaspyrpa frá vinnusmiðjunni



*Sigrún Stefánsdóttir gerir allt klárt fyrir vinnusmiðjuna*



*Vilborg Helga Júlíusdóttir (SAF) og Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofu)*



*Guðrún Þóra og Íris Hrund ræða málin við aðra þátttakendur vinnusmiðjunnar*



*Fulltrúar hvers vinnuhópar fyrir sig kynntu niðurstöður umræðna*



*Þórný Barðadóttir fylgist vel með framgangi fundarins*



## Rannsóknaverkefni

### Áfangastaðurinn Norðurland

Meginmarkmið verkefnisins, sem unnið var að beiðni Markaðsstofu Norðurlands (MN), var að skoða ýmsa þætti sem varða markaðssetningu Norðurlands og þá markhópa sem sækja landslutann heim. Verkefninu var ætlað að stuðla að hnitmiðaðri og skilvirkari markaðssetningu á Norðurlandi og um leið efla fagmennsku í ferðaþjónustunni. Verkefnið, sem hófst á haustmánuðum 2018, skiptist í eftirfarandi þætti:

- Rannsókn á markaðssetningu fyrirtækja á Norðurlandi. Þessi hluti rannsóknarinnar innihélt könnunarviðtöl við valda fulltrúa fyrirtækja ásamt netkönnun meðal fyrirtækja.
- Ferðavenjur og viðhorf ferðamanna á Norðurlandi. Í þessum hluta voru tekin viðtöl við ferðamenn á völdum svæðum bæði sumar og vetur ásamt því að umsagnir ferðamanna á samfélagsmiðlum voru skoðaðar.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða birtar í þremur skýrslum sem koma út árið 2020 og er rík áhersla lögð á að ferðaþjónustufyrirtæki á Norðurlandi geti nýtt niðurstöður rannsóknarinnar í sínu starfi. Verkefnið var unnið í samstarfi við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Stýrihóp þess skipuðu Laufey Haraldsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir frá ferðamáladeild Háskólans á Hólum, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Helga Einarsdóttir frá RMF og Björn H. Reynisson frá MN. Verkefnisstjóri var Elísabet Ögn Jóhannsdóttir.



*Elísabet hélt erindi á súpufundi ferðaþjónustunna á Akureyri í febrúar þar sem hún meðal annars kynnti rannsóknina um Áfangastaðinn Norðurland*

### Ferðamenn í Hrísey 2019

Verkefnið var unnið að beiðni Akureyrarstofu um að taka saman niðurstöður könnunar sem gerð var meðal ferðamanna í Hrísey sumarið 2019. Markmiðið með könnuninni var að afla upplýsinga um ferðahegðun og upplifun ferðamanna í Hrísey en meðal þess sem kannað var hjá ferðamönnum var ferðamáti þeirra, dvalarlengd og hvernig þeir öfluðu sér upplýsinga um eyjuna.

Rannsóknin var unnin með fjárstuðningi frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Gagnaöflun var í höndum starfsfólks Akureyrarstofu, Ellen Haddingh, starfsnemi RMF, sá um innslátt svara og Vera Vilhjálmisdóttir, tók við niðurstöðunum og vann úr þeim. Verkefninu líkur með skýrslu í janúar 2020.

## Ferðavenjur og neysla erlendra ferðamanna hérlendis

Rannsókn unnin fyrir Ferðamálastofu en um er að ræða framhald svæðisbundinna kannana sem framkvæmdar hafa verið frá árinu 2013 á alls 14 stöðum víðsvegar um land.



*Svæðisbundnar kannanir á ferðavenjum erlendra ferðamanna hafa verið framkvæmdar á alls 14 stöðum á árunum 2013-2019.*

Meðal þess sem spurt var um er búsetuland, dvalarlengd, gistimáti og ferðafélagar auk þess sem útgjaldamynstur ferðamanna er skoðað eftir stöðum. Þá voru þátttakendur beðnir um að tilgreina meginástæðu þess að tiltekinn áfangastaður varð fyrir valinu og eins var þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir varðandi dvöl þeirra og upplifun meðan á dvölinni stóð.

Sumarið 2019 var upplýsingum safnað um ferðahegðun og útgjaldamynstur sumarferðamanna í Borgarnesi, Mývatnssveit, á Akureyri og á Höfn í Hornafirði.

Niðurstöðuskýrslur ferðavenjukannana 2019 eru væntanlegar vorið 2020. Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Þórný Bárðadóttir hafa umsjón með verkefninu.

## Kínverskir ferðamenn á Íslandi

Kínverskum ferðamönnum hefur fjölgað mikið á Íslandi á undanförunum árum og hefur þessi markhópur burði til að verða mikilvægur hlekkur í íslenskri ferðapjónustu í framtíðinni. Kínverskir ferðamenn koma frá nokkuð frábrugðnari menningarheimi en þeir markhópar sem hafa verið hvað mest áberandi hér á landi, þ.e. Þjóðverjar, Frakkar, Bretar, Bandaríkjamenn og aðrir Norðurlandabúar og því mikilvægt að kanna hvernig þeir upplifa og nálgast Ísland sem áfangastað.

RMF var boðið að skrifa bókarkafli í bók um Asísku ferðamenn á Norðurljóðum í ritstjórn Young-Sook

Lee, við Háskóla Norðurljóða í Noregi (The Arctic University of Norway). Áætlað er að bókin komi út í byrjun árs 2021 hjá útgáfufyrirtækinu Routledge. Undirbúningur fyrir rannsókn hófst haustið 2019 en gagnaöflun mun fara fram á fyrri hluta ársins 2020. Markmið rannsóknarinnar er að öðlast innsýn í upplifun þeirra sem þjónusta kínverska ferðamenn hér á landi, hvað einkennir þarfir og áhuga þessa markhóps og hvaða áskoranir og tækifæri liggja í að þjónusta kínverska ferðamenn sem sækja Ísland heim.

Verkefnisstjóri er Vera Vilhjálmisdóttir en ásamt henni munu þær Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Rosemary Black, Charles Sturt University, koma að kaflaskrifum.

### Stýrði málstofu um eyjaferðamennsku í BFA í Kína



Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur, forstöðukonu RMF, var boðið að taka þátt í málstofu um eyjaferðamennsku sem haldin var á kínversku eyjunni Hainan. Guðrún Þóra stýrði málstofunni sem haldin var í tengslum við hina árlegu Boao ráðstefnu, Boao Forum for Asia (BFA).

Þátttakendur málstofunnar voru frá Kína, Suður Kóreu Sri Lanka, Möltu og Tahiti. Umræðurnar í málstofunni snérist um málefni sem eru einnig ofarlega á baugi hér á landi eða stjórnun ferðapjónustunnar, samstarf og þróun.

Frekari upplýsingar er að finna á <http://www.rmfi.is>

## Kjör og aðstæður erlends vinnuafli í ferðapjónustu

Markmið rannsóknarinnar var að kanna kjör og aðstæður erlends starfsfólks í ferðapjónustu á Íslandi til að fá í fyrsta lagi yfirsýn yfir hvað má betur fara í starfsumhverfi erlends starfsfólks í ferðapjónustu með viðtölum við fulltrúa félaga og stofnana, og hins vegar að fá dýpri skilning á reynslu fólks sem kemur til starfa hér á landi, í mislangan tíma.

Rannsókninni var skipt í tvennt. Fyrri hluti rannsóknarinnar sneri að greiningu á sérúnninni tölfræði

frá Hagstofu Íslands um þennan hóp ásamt að taka viðtöl við fulltrúa verkalyðsfélaga og erlenda starfsmenn í ferðaþjónustu á Suðurlandi, Vestfjörðum og á Suðurnesjum. Seinni hluti rannsóknarinnar sneri að því að tala við starfsfólk verkalyðsfélaga á Vesturlandi, Snæfellsnesi, Norðurlandeystra og Austurlandi um kjör og aðstæður erlendra félagsmanna þeirra í ferðaþjónustu, ásamt því að skoða þjónustu staðbundinna verkalyðsfélag við erlenda félagsmenn sína með greiningu á vefsíðum allra þeirra félaga sem rannsóknin tók til.



*Rannsóknin um kjör og aðstæður erlends vinnuafls í ferðaþjónustu hlaut styrki frá Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar og Þróunarsjóði innflytjendamála.*

Gagnaöflun fór fram árin 2018 og 2019. Tekin voru formleg viðtöl við samtals 33 starfsmenn verka-

lyðsfélaga og erlent starfsfólk í ferðaþjónustu, á öllum landssvæðum fyrir utan Höfuðborgarsvæðið, ásamt óformlegum viðtölum við starfsfólk í ferðaþjónustu og atvinnurekendur á þessum svæðum.



*Við myndi Eyjafjarðar*

Á árinu voru frumniðurstöður fyrri hluta rannsóknar kynntar m.a. á hádegisfyrirlestri Ferðamálastofu og á hinum ýmsu ráðstefnum hérlendis sem erlendis. Þar að auki var unninn bókarkafli um niðurstöður rannsóknarinnar sem mun birtast í bók á ensku um starfsfólk í ferðaþjónustu á Norðurlöndum sem kemur út vorið 2020. Rannsóknarskýrsla á íslensku með niðurstöðum rannsóknarinnar mun einnig koma út vorið 2020.

Umsjón með verkefninu hafa Íris Hrund Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir, lektor í mannvistarlandfræði við Háskóla Íslands.

### Aldur, búseta og ferðatilhögun ræður miklu um athafnir farþega skemmtiferðaskipa

Aldur, búseta og ferðatilhögun ræður miklu um það hvernig farþegar taka ákvarðanir, hvort og þá hvar þeir leita sér upplýsinga, hvernig þeir haga ferðum sínum og hvaða athafnasemi verður fyrir valinu í viðkomu skipa á landi. Þetta er meðal þess sem lesa má í samantekt sem gefin var út 2019 um niðurstöður könnunar sem framkvæmd var meðal farþega skemmtiferðaskipa við Akureyrarhöfn sumarið 2018.

Nefna má sem dæmi að tveir þriðjuhlutar svarenda á sjötugsaldri fóru í rútuferð frá Akureyri en einungis þriðjungur yngsta aldurshópsins. Þá fór innan við helmingur Evrópubúa í rútuferð út úr bænum á móti rúmlega tveimur þriðjuhlutum Norður Ameríkana og íbúa annarra heimsálfa. Barnafjölskyldur fóru helst í hvalaskoðun en sú afþreying fékk annars hæsta svörum meðal yngsta aldurshópsins en lægsta meðal þess elsta. Þá höfðu Norður Ameríkanar fremur farið í hvalaskoðun en íbúar Evrópu og annarra heimsálfa.

Fáir höfðu nýtt aðra afþreyingu í landi en það voru þá helst barnafjölskyldur sem höfðu farið í hjólatúr, vinir, hópar og þeir sem voru einir á ferð fóru oftast en aðrir í reiðtúra, flúðasigling hafði eingöngu orðið fyrir valinu hjá örfáum pörum frá Norður Ameríku, meðan það voru eingöngu pör sem búa utan Norður Ameríku og Evrópu sem höfðu farið í golf í landlegunni á Akureyri.

Útgjaldahluti könnunarinnar sýndi að hver farþegi eyddi að meðaltali 10.746 krónum í viðkomunni á Akureyri. Veigamesti einstaki útgjaldaliðurinn var skipulögð afþreying sem taldi 7.743 kr. eða um 70% af útgjöldum farþega. Hvað varðar aðra útgjaldaliði sýna niðurstöður að í landlegu á Akureyri hefur hver farþegi að jafnaði varið 942 kr. í minjagrip, 573 kr. í veitingar, 761 kr. í fatnað og matvöruverslun, 417 kr. í samgöngur og 84 kr. í heimsóknir á söfn, auk þess sem hver farþegi hefur að meðaltali varið 226 kr. fyrir óskilgreinda verslun.

Skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar má finna á vef RMF <http://www.rmfi.is>

## Könnun meðal farþega skemmtiferðaskipa á Húsavík og Siglufirði



*Spyrill að störfum við höfnina á Húsavík sumarið 2019*

Framhald könnunar sem lögð var fyrir farþega skemmtiferðaskipa á Akureyri sumarið 2018. Markmið farþegakönnunar 2019 var m.a. að kanna ferðahæðun, ákvarðanir, útgjöld og ánægju farþega sem heimsækja umsvifaminni skemmtiskipahafnir hérlandis og ná í leið samanburði við niðurstöður farþegakönnun 2018 á Akureyri.

Meðal helstu niðurstaðna var að þátttaka farþega í skipulagðri afþreyingu var mikil á öllum könnunarsvæðum en kaup á afþreyingu fara að langmestu leyti fram í gegnum skipafélögin. Þá voru skipin og skipafélög langveigamesta upplýsingaveita farþega um viðkomustaði. Tekjur heimsóknasvæða skemmtiferðaskipa ráðast því mest af þeirri afþreyingu sem skipin beina farþega sínum í hverju sinni.

Umsjón með verkefninu hafði Þórný Barðadóttir, en því lauk með útgáfu skýrslu í árslok 2019.

## Poppmenning í ferðapjónustu (OUTPACE)

Rannsóknamiðstöð ferðamála gerðist aðili að nýju evrópsku samstarfsverkefni um áhrif og nýtingu poppmenningar í ferðapjónustu – OUTPACE í árslok 2019.

Um er að ræða þriggja ára verkefni (2019-2021) sem fjármagnað er af ESB Erasmus+ styrkjaáætluninni og koma samstarfsaðilar verkefnisins frá menntastofnunum og fyrirtækjum í fimm löndum: Litháen, Bretlandi, Írlandi, Svíþjóð og Íslandi. Gedimino tækniháskólinn í Vilnius (VGTU) leiðir verkefnið.

### Stuðlagil: Áfangastaður í mótun

Á haustmánuðum 2019 kom skýrslan Stuðlagil: Áfangastaður í mótun út en þar eru niðurstöður rannsóknar á áskorunum sem fylgja óvæntri uppgötvun nýs áfangastaðar í viðkvæmri náttúru sem kallar á frekari uppbyggingu.

Stuðlagil er sjálfsprottinn áfangastaður sem komst óvænt á kortið vegna umfjöllunar og birtinga myndefnis á netmiðlum. Á skömmum tíma hefur Stuðlagil á Efra-Jökuldal orðið að þekktum áfangastað sem stöðugt fleiri ferðamenn heimsækja. Aukinni aðsókn ferðamanna hafa fylgt margháttaðar áskoranir fyrir landeigendur og þá sem tengjast ferðapjónustu á svæðinu. Í rannsókninni er þróun ferðamennsku við Stuðlagil kortlögð og dregin er upp mynd af þeim áskorunum sem aðstandendur standa frammi fyrir þegar nýr áfangastaður ferðamanna tekur að mótast.

Rannsóknin skiptist í þrjá hluta. Í fyrsta hluta voru vinsældir Stuðlagils á samfélagsmiðlum kannaðar og mat lagt á stöðu umhverfisins og álagssvæða við gilið. Í öðrum hluta voru gerðar talningar á ferðamönnum og spurningalistar lagðir fyrir ferðamenn á svæðinu. Í þriðja hluta voru tekin viðtöl við heimamenn og aðila sem tengjast ferðamennsku á svæðinu.

Rannsóknin, sem unnin var sumarið 2019, er afrakstur samstarfs námsbrautar í land- og ferða-málafræði, Líf- og umhverfisvísindadeildar við Háskóla Íslands og landeigendafélagsins Jökuldalur sf. Rannsóknin var unnin með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Skýrsluna má nálast í heild sinni á heimasíðu RMF <http://www.rmfi.is>

Sífelld algengara er að nýir áfangastaðir líti dagsins ljós vegna tengsla þeirra við poppmenningu: sjónvarp, kvikmyndir og tónlist. Þó er ljóst að ýmis vannýtt tækifæri eru á þessu sviði ferðapjónustunnar. Markmið OUTPACE er að vekja athygli á því hvernig poppmenning getur stuðlað að nýsköpun og vöruþróun í ferðapjónustu. Í verkefninu verða þróaðar kennsluáðferðir sem styðja við þekkingarsköpun og aukna færni ferðapjónustuaðila á þessum nýja vettvangi. Lögð er áhersla á að vinna náið með hagsmunaaðilum í hverju aðildarlandi fyrir sig.

Verkefnisstjóri íslenska hluta verkefnisins er Guðrún Þóra Gunnarsdóttir en auk hennar vinna Elísabet Ögn Jóhannsdóttir og Vera Vilhjálmsdóttir að verkefninu.

### Rannsóknir á ráðstefnumörkuðum

Í þessari forrannsókn var stöðu rannsókna á ráðstefnumarkaðnum á Íslandi gerð skil. Eitt af markmiðum þessarar forrannsóknar var að skoða hvers konar rannsóknir verið var að framkvæma á þessum mörkuðum erlendis, hvaða upplýsingar það eru sem verið er að safna inn og hvernig farið er með þær. Einnig var markmiðið að rýna í stöðuna á rannsóknum á þessum markaði hér á landi, hvaða gögn væru til um íslenska ráðstefnumarkaðinn og draga fram hverju sé ábótavant í upplýsingaöfluninni.

Verkefnið byggðist á greiningu á fyrirliggjandi gögnum. Vera Vilhjálmsdóttir hafði umsjón með verkefninu og því lauk með skýrslu sem kom út í apríl 2019.

### Rannsóknir á vinnuafli í ferðaþjónustu

Í þessari forrannsókn var stöðu rannsókna um vinnuafli í ferðaþjónustu gerð skil. Markmið forrannsóknarinnar var að fá innsýn í rannsóknir á málefnum vinnuafli í ferðaþjónustu ásamt því að kafa dýpra í rannsóknir á starfsánægju í ferðaþjónustu. Einnig að veita innsýn í hvaða upplýsingar liggja fyrir um vinnuafli í ferðaþjónustu hér á landi.

Íris Hrund Halldórsdóttir hafði umsjón með verkefninu og því lauk með skýrslu sem kom út í byrjun júlí 2019.

### Samfélagsáhrif friðlýstra svæða

Tilgangur þessa verkefnis var að greina samfélagsáhrif friðlýstra svæða og hvort og hvernig friðlýsingar gætu haft áhrif á þróun byggða. Verkefnið var að frumkvæði Umhverfis- og auðlindaráðuneytis og fólst það í eftirfarandi verkþáttum:

- Samantekt á þekkingu úr erlendum rannsóknum sem snúa að ferðamennsku, friðlýsingum og þjóðgörðum.
- Greining á hvernig núverandi þjóðgörðum hefur tekist að laða að sér gesti, stýra flæði ferðamanna og hver samfélagsáhrif á nærliggjandi byggðir hafa verið.

- Viðtalsrannsókn við hagsmunaaðila á norður- og suðursvæði Vatnajökulsþjóð-garðs.
- Greining á samspili byggðaáætlaða við friðlýsingarferli og friðlýst svæði.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands bar ábyrgð á verkefninu en fékk til liðs við sig sérfræðinga hjá RMF, Háskólasetri HÍ á Höfn í Hornafirði og Rannsóknarmiðstöð HA til að vinna rannsóknina.

Auður H. Ingólfssdóttir stýrði verkefninu á meðan á gagnaöflun og skrifum skýrslu stóð en Þorvarður Árnason, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Höfn í Hornafirði og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, RMF, tóku við verkefnastjórn á lokametrum verkefnisins, þegar Auður hvarf til annarra starfa.

### Söguferðaþjónusta á Norðurlandi



Sildarminjasafnið á Siglufirði á sólskinsdegi sumarið 2019

Verkefnið var unnið fyrir Markaðsstofu Norðurlands en tilgangur þess var að greina ferðavenjur og viðhorf ferðamanna sem heimsækja söfn, setur og sýningar á Norðurlandi. Markmiðið með verkefninu var að fá betri innsýn í hvað einkenni þennan markhóp, hvað dragi ferðamenn á þessa staði og hver upplifun þeirra var af heimsókninni. Tilgangurinn var einnig að öðlast betri skilning á mikilvægi sögu svæðisins sem aðráttarafl fyrir ferðamenn.

Rannsóknin byggðist á spurningakönnun sem lögð var fyrir ferðamenn í samstarfi við fjórtán söfn, setur og sýningar á Norðurlandi sumarið 2019 og á greiningu fyrirliggjandi gagna. Vera Vilhjálmsdóttir hafði umsjón með verkefninu og sá um gagnaöflun og úrvinnslu. Verkefninu lauk með útgáfu skýrslu með helstu niðurstöðum í nóvember 2019.





Ferðamenn við Kirkjufoss í Grundarfirði

## Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu

Meginmarkmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif ferðaþjónustu og ferðamanna á heimamenn á Íslandi. Ferðamennska og ferðaþjónusta geta markað djúp spor í samfélög heimamanna en töluverður munur getur verið á því í hverju samfélagi hvaða áhrifaþættir veða mest. Í rannsókninni eru könnuð viðhorf heimamanna sem búa við nærveru ferðamanna og skoðað er hvaða áhrif ferðamennska hefur á lífsgæði þeirra. Rannsóknin er liður í vöktun á viðhorfum landsmanna til ferðaþjónustu með reglubundnum hætti, annars vegar með könnunum á landsvísi og hins vegar með könnunum á einstaka svæðum.

### Viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðamanna 2018: Könnun á einstökum svæðum

Tilviksrannsókn á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamanna á Egilsstöðum, Húsavík, í Reykjanesbæ og Stykkishólmi. Öll eiga bæjarfélögin það sam-eiginlegt að vera áfanga- og viðkomustaðir erlendra ferðamanna sem ferðast um landið. Kannaðar voru bæði sértækar og staðbundnar áskoranir sem fylgja uppbyggingu ferðaþjónustu og móttöku ferðamanna á þessum stöðum. Gagna var aflað haustið 2018 annars vegar með viðtölum við íbúa og hins vegar með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma.

Fjórar skýrslur voru gefnar út 2019 af Ferðamálastofu en rannsóknin var fjármögguð af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir hafði umsjón með verkefninu og framkvæmd viðtalsrannsóknarinnar en framkvæmd og úrvinnsla úr spurningakönnunarinnar var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.

### Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu: Landskönnun 2019

Framhald á könnun sem var fyrst gerð á landsvísi árið 2014 á vegum Ferðamálastofu í samstarfi við RMF og Háskólann á Hólum og endurtekin haustið 2017.

Markmiðið var að kanna viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu og ferðamanna á Íslandi og hvort einhverjar breytingar á viðhorfum landsmanna hefðu átt sér stað frá síðustu könnun á landsvísi 2017. Gagnaöflun fór fram haustið 2019. Öllum gögnum var skilað til Vöruhúss gagna - Mælaborðs ferðaþjónustunnar. Sjö samantektir með niðurstöðum könnunarinnar eru unnar fyrir hvert markaðssvæði landshlutanna en verkefninu mun ljúka vorið 2020 með útgáfu ítarlegrar skýrslu með frekari greiningu á gögnum.

Rannsóknin er unnin fyrir Ferðamálastofu en Eyrún Jenný Bjarnadóttir stýrir verkefninu. Gagnaöflun og úrvinnsla hrágagna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri en auk þess aðstoðar Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands við greiningu gagn.

#### Ferðamenn ánægðir með safnaheimsóknir á Norðurlandi sumarið 2019

Í nóvember 2019 stóð Markaðsstofa Norðurlands fyrir ráðstefnu um möguleika í sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi á hóteli KEA á Akureyri. Þar kynnti Vera Vilhjálmstöðir niðurstöður rannsóknar sem Rannsóknamiðstöð ferðamála framkvæmdi meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum á Norðurlandi sumarið 2019.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru þær að ferðamenn eru ánægðir með upplifunina sem þeir fá á söfnunum, en 96% ferðamanna sögðust ánægðir eða mjög ánægðir með heimsóknina. Þeir eru einnig líklegir til að vilja mæla með staðnum við fjölskyldu, vini og kunningja.

Niðurstöðurnar sýna einnig að ferðabækur og bæklingar eru þær upplýsingaveitur sem erlendir ferðamenn nota mest til að sækja sér upplýsingar og meirihluti erlendra ferðamanna tekur ákvörðun um að heimsækja söfnin eftir að þeir koma til landsins.

Skýrsluna í heild sinni má finna á <http://www.rmfi.is>



## Viðburðir og heimsóknir

### Vinnustofa um nýjar greiningaraðferðir

11.-18.mars, í Háskóla Íslands og á Háskólanum á Akureyri

RMF fékk til sín góðan gest í mars 2019 þegar dr. Zsuzsanna Kövi, frá Karoli Gaspar Háskólanum í Ungverjalandi, kom í vinnuheimsókn.

Á meðan á dvöl hennar stóð, hélt dr. Kövi fyrirlestra á Akureyri og í Reykjavík fyrir sérfræðinga RMF, háskólakennara og fleiri samstarfsaðila. Hún hélt einnig vinnufundi með sérfræðingum RMF þar sem hún sýnid nýjar greiningaraðferðir, meðal annars með úrvinnslu á fyrirbyggjandi gögnum miðstöðvarinnar.



*Dr. Kövi og Hans Welling, doktorsnemi við HÍ, ræða möguleika í gagnagreiningu á vinnustofunni sem haldin var í Öskju, HÍ.*

Heimsókn dr. Kövi gaf góðar hugmyndir um nýjar leiðir á því hvernig hægt er að greina og skoða þau gögn sem verið er að safna inn og stefnt er að frekari samvinnu við hana um gagnagreiningu sem og möguleg ný rannsóknarverkefni.

### Heimsókn frá Västerbotten

11. september í Öskju, Háskóla Íslands.



*Á fundinum með starfsmönnum frá Region Västerbotten var m.a. rætt um sjálfbærni og áskoranir í uppbyggingu ferðaþjónustunnar hér á landi*

Þann 11. september 2019 fékk Rannsóknamiðstöð ferðamála heimsókn frá Västerbotten í Svíþjóð. Hingað komu til landsins þrír starfsmenn Region Västerbotten til að kynna sér uppbyggingu ferðaþjónustunnar hér á landi. Af þessu tilefni bauð RMF til fundar í Háskóla Íslands þar sem rætt var um

sjálfbærni og áskoranir í uppbyggingu ferðaþjónustunnar í átt að sjálfbærni.

Á fundinum kynnti Kajsa Grandics Åberg starfsmaður stofnunarinnar hvernig Region Västerbotten hefur innleitt sjálfbærnivísa Global Sustainable Tourism (gstcouncil.org) í uppbyggingu ferðaþjónustunnar á svæðinu. María Reynisdóttir sérfræðingur á skrifstofu ferðamála og nýsköpunar hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, kynnti aðgerðir hins opinbera og stefnu stjórnvalda í átt að sjálfbærri ferðaþjónustu. Þá kynnti Ásta Kristín Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Íslenska ferðaklasans starfsemi ferðaklasans og hvatningarverkefni ferðaklasans og Festu um ábyrga ferðaþjónustu.

## Rannsóknadvöl við Uppsala University, Campus Gotland í Visby, Svíþjóð

28. október – 19. nóvember, Uppsala University, Svíþjóð

Á haustdögum þáði Þórný Barðadóttir boð frá Gotlands deild Uppsalaháskóla í Svíþjóð um rannsóknardvöl við háskólann. Þórný starfaði þar á rannsóknardeild um menningarlega arfleifð (e. *Sustainable Heritage Research Forum*). Á meðan á dvölinni stóð hélt Þórný erindi á opinni málstofu, kenndi meistaranemum, tók þátt í vinnusmiðjum innan deildar auk þess að taka viðtöl við hagaðila skemmtiskipaþjónustu í Visby á Gotlandi.

## Þjóðarspegillinn 2019

1. nóvember í Háskóla Íslands

RMF tók þátt í Þjóðarspeglinum, árlegri ráðstefnu í félagsvísindum við Háskóla Íslands, sem var haldin í 20. sinn. RMF stóð fyrir tveimur málstofum á ráðstefnunni. Sú fyrri bar heitið Vinnumarkaðsmál tengd ferðaþjónustu og voru þrjú erindi flutt á málstofunni þar sem m.a. var fjallað um starfsánægju starfsfólks ásamt aðstæðum og kjörum erlends starfsfólks hér á landi. Sú síðari var Málstofa um ferðamál, þar sem þrjár sérfræðingar RMF sögðu frá sínum rannsóknum á sviði markaðssetningar, menningarferðaþjónustu og upplifunum heimamanna af ferðamennsku á sínu heimasvæði.

## 29th Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research

21.-23. september 2021, Háskólinn á Akureyri

Undirbúningur fyrir 29. Nordic Symposium on Tourism and Hospitality Research hófst á árinu en RMF skipuleggur ráðstefnuna í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann á Hólum og Háskólann á Akureyri. Ráðstefnan er hluti af starfi samtakanna *Nordic Society for Tourism and Hospitality Research* og er vettvangur fræðilegrar umræðu vísindamanna og þróunar á sviði ferðaþjónustu á Norður-löndunum og í Evrópu.

Ráðstefnan er haldin á hverju ári að hausti og skiptast Norðurlandþjóðirnar á um að halda hana. Fyrirhugað var að halda ráðstefnuna í Háskólanum á Akureyri dagana 22-24. september 2020 og hófst undirbúningur af fullum krafti haustið 2019. Í desember var kallað eftir málstofutillögum í samræmi við þema ráðstefnunnar *Mótun hreyfanleika framtíðar: Möguleikar og áskoranir á óvissutímum*, en viðfangsefnið er ábyrg ferðaþjónusta og sjálfbær framtíð á tímum loftslagsbreytinga.



Þóstkorti með upplýsingum um ráðstefnuna var dreift á 28. ráðstefnu Nordic Symposium í Danmörku haustið 2019

Vegna ástandsins sem skapaðist í kringum Covid-19 faraldursins var ákveðið á vormánuðum 2020 að fresta ráðstefnunni til september 2021.

## RMF í starfi og leik



Eyrún sagði frá viðhorfum heimamanna til ferðamanna í morgunútvarpinu á RÚV hjá Leifví Haukssyni í nóvember



RMF-liðar á Þjóðarspeglinum 2019



Þórný, Eyrún og Elísabet á Nordic Symposium ráðstefnunni í Danmörku í september



Frá jólahittingi RMF - í Reykjavík (t.v.) og á Akureyri (t.h.)



## Rannsóknasamstarf

### Frumkvöðlastarf og fjölskyldufyrirtæki í ferðapjónustu (Touref)

Á árinu var stofnaður nýr rannsóknarhópur um frumkvöðlastarf og fjölskyldufyrirtæki í ferðapjónustu. Markmið þessa rannsóknarhóps er að efla þekkingu og skilning á frumkvöðlastarfi innan lítilla (fjölskyldu) fyrirtækja í ferðapjónustu, þýðingu þess og eðli. Desiderio J. García Almeida, frá háskólanum í Las Palmas á Kanaríeyum stýrir hópnum. Íris Hrund Halldórsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfsmaður hópsins.

### Norðurslóðanet Íslands

RMF er einn stofnaðila Norðurslóðanets Íslands - þjónustumiðstöðvar norðurslóðamála. Netið er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félagsamtaka á Íslandi sem vinna að málefnum norðurslóða.

### Norrænt rannsóknanet um skemmtiskiparannsóknir (NCRN)

Þórný Barðadóttir, sérfræðingur RMF, er einn stofnfélagi NCRN sem er samstarfs- og samskiptavettvangur fræðimanna sem sinna og/eða hafa áhuga á rannsóknum á fjölbreytilegum þáttum umferðar skemmtiferðaskipa í norðri. Þátttakendalisti NCRN er hýstur hjá RMF.

NCRN hefur staðið fyrir málstofum á alþjóðlegum ráðstefnum og hefur Þórný verið þátttakandi og umsjónaraðili þar. 2019 sendi NCRN umsókn í norskan samkeppnissjóð, *The Norwegian*

*Cooperation Program in Higher Education with Russia (NORRUSS)*. Sótt var um fjárframlag til viðamikillar samanburðarrannsóknar á ýmsum áhrifum koma skemmtiferðaskipa á Norður Atlantshafssvæði norðurslóða (Rússland, Noregur, Ísland, Grænland). Markmið rannsóknarverkefnisins er að veita innsýn í stjórnun og stýringu skemmtiskipa ferðamennsku á þessum slóðum, leggja mat á það hvernig oft mjög fámenn og lítil samfélög takast á við það verkefni að taka á móti stórum hópum farþega á skömmum tíma. Megin rannsóknarspurningin er hvernig byggja megi upp sjálfbæra skemmtiskipa ferðamennsku á Norðurslóðum. Yfirskrift rannsóknarinnar er *Sustainable arctic cruise communities: from practice to governance*.

Rannsóknáætlunin hlaut fulla fjármögnun frá NORRUSS og mun verkefnið standa yfir frá júní 2020 til júní 2023.

### Samtök um ferðamálarannsóknir á norðurslóðum (IPTRN)

Alþjóðleg samtök sérfræðinga á sviði ferðamálarannsóknna á heimskautasvæðum. Samtökin leggja áherslu á þekkingarsköpun og -miðlun þar sem mismunandi sjónarmið fá hljómgrunn.

## Vinnuafli í ferðapjónustu

Rannsóknahópur um öflun þekkingar á vinnuafli í ferðapjónustu á Íslandi. Meðal mögulegra rannsóknarefna má nefna þætti eins og eðli starfa í ferðapjónustu, mannauð, þátttöku og stöðu erlends vinnuafls, menntun vinnuafls og þjálfun og þannig mætti áfram telja.

Rannsóknarhópurinn sendi umsókn inn í sjóð NOS-HS sem er sjóður norrænu ráðherranefndarinnar til að efla rannsóknarsamstarf á norðurlöndunum. Því miður kom neitun um styrk frá sjóðnum.

Að frumkvæði hópsins er í þáttunum útgáfa bókar um vinnuafli í ferðapjónustu á norðlægum slóðum. Ritstjórar bókarinnar eru allt meðlimir í rannsóknarhópnum. Búið er að skrifa undir samning við útgefandann Palgrave MacMillan (hluti af Springer Group) um útgáfu bókarinnar. Nafn bókarinnar mun vera: Tourism employment in Nordic Countries – Trends, Practices and Opportunities og stefnt er að útgáfu hennar seinnipart árs 2020.

### Vinnuafli í ferðapjónustu

Samhliða mikilli aukningu í komum ferðamanna hingað til lands hefur störfum í ferðapjónustu fjölgað svo um munar.

Árið 2018 störfuðu um 33 þúsund manns í einkennandi greinum ferðapjónustunnar, þar af hátt í þriðjungur starfsfólk með erlent ríkisfang. Þessi mikla aukning starfa og aukinn fjölbreytileiki starfsfólksins hefur leitt til nýrra áskoranna fyrir stjórnendur fyrirtækja í ferðapjónustu og fyrir stjórnun og stýringu greinarinnar.

Lítið hefur farið fyrir málefnum vinnuaflsins undanfarin misseri í umræðu um ferðapjónustuna og afleiðingar hennar á land og þjóð.

Til að sporna við þessu er ein af áherslum sem settar eru fram í Vegvísi ferðapjónustunnar 2015-2020 að auka starfsánægju í ferðapjónustu á Íslandi.

Takmörkuð þekking er fyrir hendi á vinnu- markaði íslenskrar ferðapjónustu, fáar rannsóknir hafa verið gerðar á málefnum vinnuafls í ferðapjónustu og litlar upplýsingar eru til um þá sem starfa í atvinnugreininni hér á landi.

Skýrslu um stöðu rannsókna innan þessa málaflokks má finna á heimasíðu RMF <http://www.rmfi.is>

Markmið bókarinnar er að gefa yfirlit um aðkallandi mál er varða atvinnu í ferðapjónustu á Norðurlöndunum. Þessi bók er sú fyrsta sinnar tegundar því málefni vinnuafls í ferðapjónustu hafa ekki verið skoðuð áður út frá sjónarhorni Norðurlandanna. Dæmi um viðfangsefni einstakra kafla eru búferlaflutningar, atvinna ungs fólks, ábyrg ferðapjónusta og atvinnumál og önnur málefni efst á baugi varðandi vinnuafli í ferðapjónustu. Textinn á að höfða til fjölbreytts hóps lesenda, bæði innan fræðasamfélagsins og meðal þeirra sem vinna við stefnumótun ferðapjónustunnar sem og annarra sem koma þessu málefni.

Dr. Andreas Walmsley, Háskólanum í Coventry, leiðir vinnu rannsóknahópsins en Íris Hrund Halldórsdóttir, sérfræðingur RMF, er starfsmaður hópsins.



Batur í Færeyjum

## Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF



Kristján Alex Kristjánsson, verðlaunahafi lokaverkefnisverðlauna SAF og RMF 2019

Lokaverkefnisverðlaun SAF og RMF voru veitt við hátíðlega athöfn á aðalfundi Samtaka ferðapjónustunnar (SAF) sem haldinn var á Húsavík þann 14. mars. Að þessu sinni hlaut Kristján Alex Kristjánsson verðlaunin fyrir BS-ritgerðina sína í ferðamálafræði við Háskóla Íslands. Verkefnið heitir „Myndræn menning og landslag: Tækifæri sýndar- og viðbótarveruleika til að skapa upplifun fyrir ferðamenn“.

Í ritgerðinni kannaði Kristján Alex möguleika sýndar- og viðbótarveruleika í ferðapjónustu framtíðarinnar á Íslandi. Hlutverk tækniframfara í þróun ferðapjónustunnar í sögulegu samhengi var kannað ásamt því hvernig þróun upplýsinga- og samskiptatækni muni hafa áhrif á stýringu og uppbyggingu áfangastaða og á mótun greinarinnar í framtíðinni. Þar að auki kannaði hann hvort ferðamenn séu tilbúnir fyrir upplifanir í sýnarheimi um leið og þeir leitist eftir upplifunum sem hafi sanngildi og skerpi tengsl þeirra við veruleikann. Kristján Alex tók viðtöl við einstaklinga sem hafa unnið með sýndar- og viðbótarveruleika á Íslandi og komst að þeirri niðurstöðu að tækifæru séu þegar til staðar fyrir notkun þessarar tækni í íslenskri ferðapjónustu. Það sem aftur á móti heldur aftur af frekari þróun hennar sé skortur á fjármagni, þekkingu og mannauði. Niðurstöðurnar sýna einnig að best sé

að nota upplifanir í sýndarheimi sem viðbót við hefðbundna ferðamennsku.

Í umsókn dómnefndar segir:

*Nálgun Kristjáns Alex á tengslum tækniframfara og ferðamennsku framtíðarinnar er bæði nýstárleg og áhugaverð. Kristján Alex fetar ótroðnar slóðir í rannsóknnum innan ferðamennsku á Íslandi og tekst honum vel upp með að sýna annars vegar fram á þörf fyrir frekari rannsóknir á þessu sviði og hins vegar fram á nýja möguleika í vörubróun sem geti verið íslenskri ferðapjónustu til framdráttar.*

Leiðbeinandi Kristjáns Alex var dr. Gunnar Þór Jóhannesson, prófessor í ferðamálafræði við Háskóla Íslands.

Dómnefnd Lokaverkefnisverðlauna SAF og RMF skipuðu þau Rósbjörg Jónsdóttir sérfræðingur, fulltrúi SAF, dr. Rannveig Ólafsdóttir, fulltrúi stjórnar RMF og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur hjá RMF.



Nýtt safn á Sauðárkróki, 1238: Baráttan um Ísland, opnaði sumarið 2019 þar sem sýndar- og viðbótarveruleiki er nýttur til að miðla sögu Sturlungaaldarinnar.

RMF kallar eftir tilnefningum í janúar ár hvert fyrir verkefni sem voru metin til prófgráðu á árinu á undan. Forsenda tilnefninga er að lokaverkefnið uppfylli ítrustu kröfur sem gerðar eru til

rannsóknarritgerða á viðkomandi námsstigi og séu faglega unnin í hvívetna.

Að þessu sinni voru sjö framúrskarandi lokaverkefni úr grunnnámi til BS-gráðu eða BA-gráðu við háskóla hér á landi tilnefnd til lokaverkefnisverðlaunanna. Dómnefnd hafði úr vöndu að velja því öll verkefni voru vel unnin og tóku á mikilvægum og nýstárlegum viðfangsefnum um ferðamál á Íslandi. Má þar

nefna tengsl ábyrgrar ferðaþjónustu og samfélags-ábyrgðar ferðaþjónustufyrirtækja, þróun og áherslubreytingar markaðsherferðarinnar *Inspired by Iceland*, birtingarmynd íslenskra kvenna í markaðs-efni ferðaþjónustu og áhrif ferðamennsku á lífsgæði heimamanna. Allt eru þetta mikilvæg og brýn rannsóknarefni fyrir íslenska ferðaþjónustu og hvatti dómnefnd alla tilnefnda höfunda til frekari rannsókna á sínum sviðum.

### Tilnefnd lokaverkefni

*Áhrif aukningu í ferðaþjónustu á húsnæðismarkaðinn á Íslandi*

Heiðrún Harðardóttir, ferðamálafræði, Háskólinn á Hólum

Leiðbeinandi: Ingibjörg Sigurðardóttir

*Eðlishyggja og kvenímyndin: Birtingarmynd íslenskra kvenna í nýstárlegu markaðsefni ferðaþjónustu*

Krisín Jezorski, ferðamálafræði, Háskóli Íslands

Leiðbeinandi: Katrín Anna Lund

*Ferðamönnum virðist allt leyfilegt: Áhrif ferðamennsku á lífsgæði heimamanna í Öræfum*

Sigrún Elfa Bjarnadóttir, ferðamálafræði, Háskóli Íslands

Leiðbeinandi: Edda Ruth Hlín Waage

*Hér er allt í lagi! Hvernig hafa áherslur þróast í markaðsátakinu Inspired by Iceland?*

Brynja Eiríksdóttir og Ragnheiður Mjöll Baldursdóttir, ferðamálafræði, Háskólinn á Hólum

Leiðbeinandi: Ingibjörg Sigurðardóttir

*„Jöklarnir verða ekki hér að eilífu“: Samfélagsábyrgð fyrirtækja í takt við ábyrga ferðamennsku*

Katla Eiríksdóttir og Steinþóra Sif Heimisdóttir, ferðamálafræði, Háskóli Íslands

Leiðbeinendur: Edda Ruth Hlín Waage og Ásdís Aðalbjörg Arnalds

*Myndræn menning og landslag: Tækifæri sýndar- og viðbótarveruleika til að skapa upplifun fyrir ferðamenn*

Kristján Alex Kristjánsson, ferðamálafræði, Háskóli Íslands

Leiðbeinandi: Gunnar Þór Jóhannesson

*Það gerast nefnilega ljótir hlutir á fallegum stöðum: Myrk saga Þingvalla sem tækifæri í ferðaþjónustu*

Lena Hulda Nilsen og Rakel Sesselja Hostert, ferðamálafræði, Háskóli Íslands

Leiðbeinandi: Katrín Anna Lund

Sjá nánar: <http://www.rmfi.is/is/um-rmf/verdlaun>





## Útgefið efni

- Auður H Ingólfssdóttir, Þorvarður Árnason, Hjalti Jóhannesson og Jukka Siltanen (2019). *Náttúruvernd og byggðapróun. Samfélagsáhrif friðlýstra svæða á grannbyggðir*. Reykjavík: Hagfræðistofnun HÍ.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. (2019). *Markaðssetning ferðaþjónustufyrirtækja og sveitarfélaga á Norðurlandi. Niðurstöður spurningakönnunar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019a). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Egilsstaðir*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019b). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Húsavík*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019c). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Reykjanesbær*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019d). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Helgadóttir, G., Einarsdóttir, A.V., Burns, G.L., Gunnarsdóttir, G.P. and Matthíasdóttir, J.M.E. (2019). *Social sustainability of tourism in Iceland: A qualitative inquiry*. Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism 19(4/5): 404-421. Doi: 10.1080/15022250.2019.1696699
- Harkison, T. og Barðadóttir, Þ. (2019). *Are we poles apart? Stakeholders' cooperation and decision-making in on-land cruise tourism in Iceland and New Zealand*. Research in Hospitality Management 9(2). Doi: 10.1080/22243534.2019.1689699
- Íris H. Halldórsdóttir. (2019). *Vinnuafli í ferðaþjónustu: Hvað á að rannsaka, með hvaða hætti og hvernig er staða mála á Íslandi?* Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Karítas Ísberg, Ragnar Már Jónsson og Sóley Kristinsdóttir. (2019). *Stuðlagil. Áfangastaður í mótun*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019a). Erlendir ferðamenn á Egilsstöðum sumarið 2018. Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019b). Erlendir ferðamenn á Húsavík sumarið 2018. Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019c). Erlendir ferðamenn á Hvammstanga sumarið 2018. Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019d). Erlendir ferðamenn á Ísafirði sumarið 2018. Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019e). Erlendir ferðamenn á Reykjanesbæ sumarið 2018. Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019f). Erlendir ferðamenn á Reykjavík sumarið 2018. Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019g). Erlendir ferðamenn á Stykkishólmi sumarið 2018. Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Reykjavík: Ferðamálastofa.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2019h). Erlendir ferðamenn á Vík sumarið 2018. Niðurstöður ferðavenjukönnunar. Reykjavík: Ferðamálastofa.





Vera Vilhjálmssdóttir. (2019). *Rannsóknir á ráðstefnumörkuðum – Samantekt*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Vera Vilhjálmssdóttir. (2019). *Söguferðapjónusta á Norðurlandi. Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum*. Akureyri: Markaðsstofa Norðurlands.

Taylor, A. R., Barðadóttir, Þ., Auffret, S., Bombosch, A., Cusick, A. L., Falk, E. and Lynnes, A. (2019). *Arctic expedition cruise tourism and citizen science: a vision for the future of polar tourism*. Journal of Tourism Futures 4. Doi: 10.1108/JTF-06-2019-0051

Þórný Barðadóttir. (2019). *Skemmtiferðaskip á Norðurlandi: Farþegakönnun á Húsavík og Siglufirði*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Þórný Barðadóttir. (2019). *Skemmtiferðaskip á Akureyri: Könnun meðal farþega 2018*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.



## Fyrirlestrar og erindi

- Auður H Ingólfssdóttir (17. maí 2019). „Þjóðgarðar – tækifæri í byggðapróun?“ Erindi á 13. Ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið. Hólar í Hjaltadal.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. 2019, 6. febrúar. „Markaðssetning áfangastaða“. Fyrirlestur fluttur fyrir Ferðafélag Skagafjarðar í Varmahlíð.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. 2019, 6. febrúar. „Markaðssetning áfangastaða“. Erindi flutt á Vísindi og grautur, hádegisfyrirlestur á vegum Háskólans á Hólum.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. 2019, 6. febrúar. „Markaðssetning áfangastaða“. Fyrirlestur í námskeiðinu Destination Management and Development við ferðamálaeild Háskólans á Hólum.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. 2019, 19. febrúar. „Markaðssetning áfangastaða“. Erindi flutt á Súpufundi ferðaþjónustunnar á Akureyri.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. 2019, 5. apríl. „Markaðssetning áfangastaða og mikilvægi samvinnu og þátttökuvilja“. Erindi flutt á Málþingi Markaðsstofu Suðurlands á Hellu.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. 2019, 7. maí. „Áfangastaðurinn Norðurland - þitt álit? Frumniðurstöður úr netkönnun sem send var til norðlenskra sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðaþjónustu á Norðurlandi“. Erindi flutt á Vorráðstefnu Markaðsstofu Norðurlands á Húsavík.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. 2019, 25. október. „Destination marketing in North Iceland: Collective destination marketing and synchronisation amongst the tourism companies in North Iceland“. Erindi flutt á Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research, haldið í Roskilde, Danmörku.
- Elísabet Ögn Jóhannsdóttir. 2019, 1. nóvember. „Markaðssetning áfangastaða og mikilvægi samþættingar markaðsskilaboða“. Þjóðarspejillinn - Ráðstefna í félagsvísindum, haldin í Háskóla Íslands.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2019, 7. febrúar. „Hvað segja landsmenn um ferðamenn og ferðaþjónustu?“. Fyrirlestur í námskeiðinu Sveitir og sjávarbyggðir við ferðamálaeild Háskólans á Hólum.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2019, 22. febrúar. „Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 Húsavík, Egilsstaðir, Stykkishólmur og Reykjanesbær“. Hádegisfyrirlestur á vegum Ferðamálastofu í Íslenska ferðaklasanum.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2019, 17. maí. „Nei, það er ekkert öllum sama hérna“. Upplifun heimamanna af ferðamennsku á Íslandi“. Erindi flutt á 13. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið, haldin í Háskólanum á Hólum.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2019, 9. september. „Tourism impact on residents in Iceland. What's the story?“. Erindi flutt á fyrir nemendur í landfræði frá Nord-háskólanum, Noregi í Háskóla Íslands.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2019, 24. október. „Social impact of tourism in Iceland: Have we reached the point of no return?“. Erindi flutt á Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research, haldið í Roskilde, Danmörku.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2019, 1. nóvember. „Upplifun heimamanna af ferðamennsku á einstökum svæðum“. Þjóðarspejillinn – Ráðstefna í félagsvísindum, haldin í Háskóla Íslands.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. 2019, 14. nóvember. „Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Niðurstöður á Austurlandi og Egilsstöðum“. Erindi flutt á haustfundi ferðaþjónustunnar 2019 í Sláturhúsinu á Egilsstöðum.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2019, 9. júlí. „Localism; Commodification, gentrification and social capital“. Erindi flutt fyrir þátttakendur í Erasmus+ verkefninu Advent á vegum Framhaldsskólans í Austur Skaftafellssýslu.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. 2019, 10. okt. „Challenges and Issues Related to The Development of Sustainable Tourism in the Arctic“. Erindi flutt á málstofu Arctic Mayors á Arctic Circle í Hörpu.
- Íris H. Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir. 2019, 8. febrúar. „Erlent starfsfólk í

- ferðapjónustu staðsetning og starfsumhverfi“. Hádegisfyrirlestur á vegum Ferðamálastofu í Íslenska ferðaklasanum.
- Íris Hrund Halldórsdóttir. 2019, 16. maí. „Ábyrgt starfsmannahald í ferðapjónustu – hver er staðan á Íslandi?“. Erindi flutt á 13. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið, haldin í Háskólanum á Hólum.
- Íris Hrund Halldórsdóttir og Magnfríður Júlíusdóttir. 2019, 16. – 19. júní. „Foreign workers in booming tourism in Iceland - sign of vulnerability or resilience? Erindi flutt á 8. ráðstefnu Nordic Geographers Meeting haldið í Þrándheimi, Noregi.
- Íris H. Halldórsdóttir. 2019, 1. nóvember. „Frá Madrid til Mánárþakka: Uppbygging ferðapjónustu í dreifðum byggðum – áskoranir varðandi vinnuafli“. Þjóðarspeggillinn – Ráðstefna í félagsvísindum, haldin í Háskóla Íslands.
- Vera Vilhjálmsdóttir. 2019, 17. maí. „Íslenski ráðstefnumarkaðurinn í ljósi sjálfbærni markmiða“. Erindi flutt á 13. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið, haldin í Háskólanum á Hólum.
- Vera Vilhjálmsdóttir. 2019, 17. ágúst. „Menningartengd ferðapjónusta“. Erindi flutt á ráðstefnunni Frændafundur 10, haldið í Þórshöfn, Færeyjum.
- Vera Vilhjálmsdóttir. 2019, 1. nóvember. „Menning, saga og ferðamenn“. Þjóðarspeggillinn – Ráðstefna í félagsvísindum, haldin í Háskóla Íslands.
- Vera Vilhjálmsdóttir. 2019, 21. nóvember. „Ferðamenn og söfn. Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum á Norðurlandi“. Erindi flutt á ráðstefnunni Tækifæri í sögutengdri ferðapjónustu, haldin af Markaðsstofu Norðurlands á Akureyri.
- Þórný Barðadóttir. 2019, 7. febrúar „Móttaka skemmtiferðaskipa“. Erindi flutt á ráðstefnunni Sveitir og sjávarbyggðir, haldin í Háskólanum á Hólum.
- Þórný Barðadóttir. 2019, 9. apríl. „Skemmtiferðaskip á Akureyri: Farþegakönnun 2018“. Erindi flutt á Súpufundi ferðapjónustunnar á Akureyri.
- Þórný Barðadóttir. 2019, 17. maí. „... og þeir segja bara: "What"?! Áskoranir skemmtiskipaumferðar við Ísland“. Erindi flutt á 13. ráðstefnunni um íslenska þjóðfélagið, haldin í Háskólanum á Hólum.
- Þórný Barðadóttir. 2019, 6. júní. „Niðurstöður könnunar meðal skemmtiskipafarþega við Akureyrarhöfn sumarið 2018“. Kynning á niðurstöðum flutt fyrir stjórn Akureyrarstofu.
- Þórný Barðadóttir. 2019, 10. október. „Cruise Ship & Coastal Communities“. Erindi flutt á The Arctic Mayors Forum, haldið í Hofi á Akureyri.
- Þórný Barðadóttir og Ulrika Persson-Fichier. 2019, 26. október. „A joint search for sustainable cruise tourism“. Erindi flutt á Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research, haldið í Roskilde, Danmörku.
- Þórný Barðadóttir. 2019, 30. október. Kulturvárðseminariet/Sustainable Heritage Seminar. Kynning á starfi og rannsóknum RMF, haldin í Visby, Svíþjóð.
- Þórný Barðadóttir. 2019, 6. nóvember. „Cruise visits and Sustainable heritage“. Opinn fyrirlestur undir merkjum The Sustainable Heritage Seminar, haldinn í Visby, Svíþjóð.
- Þórný Barðadóttir. 2019, 13. nóvember. „Tourism, research & sustainability“. Erindi flutt fyrir MA nema Uppsala University - Gotland Campus, haldið í Visby, Svíþjóð.



*Þórný með fyrirlestur um skemmtiferðaskip á Nordic Symposium 2019*



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA